

Heilsueflandi samfélag



Af hverju Heilsueflandi samfélag?

Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg velliðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma og örorku (WHO, 1948). Lýðheilsa felur í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélagshópa (WHO, 1998).

[Fólk lifir lengur á meðan hlutfall fæðinga minnkar](#) Opnast í [nýjum glugga](#) sem felur í sér tækifæri en einnig ýmsar áskoranir fyrir samfélög. Stjórnvöld verða að velja hagkvæmar leiðir til að viðhalda og bæta heilsu og færni fólks á öllum æviskeiðum. Markvisst lýðheilsustarf, sem sem byggir á bestu þekkingu á hverjum tíma hefur fjölþætt gildi fyrir ríki, sveitarfélög, einstaklinga og aðra hagsmunaaðila. Ef vel tekst til við innleiðingu Heilsueflandi samfélags má vænta að andleg, líkamleg og félagsleg heilsa og velliðan íbúa verði betri en annars, jöfnuður verði meiri sem og öryggi og lífsgæði almennt.

[Dæmi um hagrænan ávinning heilsueflingar- og forvarnarstarfs.](#) Opnast í [nýjum glugga](#)

Hvað er Heilsueflandi samfélag?

Heilsueflandi samfélag er heildræn nálgun sem Embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagsamtök o.fl.



Áhrifaportir heilbrigðis og velliðanar, Dahlgren og Whitehead (1991), aðlagð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (3.01)

[Opnast í nýjum glugga](#)

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og velliðan allra íbúa.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- Virk þátttaka samfélagsins í heild, þ.m.t. hagsmunaaðila úr öllum geirum.
 - Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
 - Valda ekki skaða (DO NO HARM)
 - Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka mið af þörfum viðkvæmra hópa.
 - Sjálfbærni, leggja áherslu á að skipuleggja starf og árangur til lengri tíma litið.
- Í *Heilsueflandi samfélagi* er heilsa og líðan allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir gearar hafa hlutverk. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðanar (sjá mynd Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðanar) s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að skapa sem ákjósanlegastar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum. Holla valið þarf að vera eins auðvelt og kostur er s.s. að hreyfa sig, borða hollt, rækta geðið og ástunda grænan lífsstíl á sama tíma og spornað er gegn áhættuhegðun s.s. neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Stuðningur við starf [Heilsueflandi leikskóla](#), [grunnskóla](#) og [framhaldsskóla](#) er mikilvægur liður í starfi *Heilsueflandi samfélags*.

Markvisst lýðheilsustarf í Heilsueflandi samfélögum

Sveitarfélög hafa sjálf frumkvæði að því að gerast *Heilsueflandi samfélag*. Skilyrðin fyrir þátttöku eru að bæjar-/sveitarstjóri skrifi undir umsókn um þátttöku, skipaður sé þverfaglegur stýrihópur fyrir starfið sem tryggir aðkomu lykilhagsmunaaðila að því og sérstakur tengiliður er tilnefndur. Með undirskrift samnings um Heilsueflandi samfélag einsetja sveitarfélög sér að vinna markvisst lýðheilsustarf, í samræmi við markmið og leiðarljós Heilsueflandi samfélags með stuðningi frá Embætti landlæknis og öðrum sem að starfinu koma. Í markvissu lýðheilsustarfi er bilið á milli gagna, stefna og aðgerða brúað með því að nota [lýðheilsuvísa](#), gátlista og önnur gögn til að meta stöðuna og forgangsraða í samræmi við þarfir hvers samfélags. Miðlægt vefkerfi, sem er í þróun, styður samfélög í að halda utanum starfið, meta framvindu þess og miðla áfram m. a. með sjálfkrafa skýrslum.

[Listi yfir Heilsueflandi sveitarfélög.](#)

Heimsmarkmiðin og Heilsueflandi samfélag

[Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) Opnast í nýjum [glugga](#) til ársins 2030 eru algild, samofin og samverkandi. Þau byggja á þremur grunnstoðum sjálfbærrar þróunar þ.e. félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni, með áherslu á að skilja engan eftir.

Innleiðing Heilsueflandi samfélags og skóla fellur vel að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og öfugt. Það má glöggst sjá m.a. með því að skoða hvernig Þriðja Heimsmarkmiðið, sem kveður á um heilbriggt líf og vellíðan allra frá vöggju til grafar, er samofið hinum sextán markmiðunum ([sjá mynd, Heilsa og vellíðan með Heimsmarkmiðunum](#) Opnast í nýjum [glugga](#)).



[Opnast í nýjum glugga](#)

Verkefnastjórn Heimsmarkmiðanna og Embætti landlæknis hafa því tekið höndum saman um að innleiða Heimsmarkmiðin í starf Heilsueflandi samfélags og í sameiningu vinna að aukinni vitundarvakningu á meðal sveitarfélaga og almennings um Heimsmarkmiðin, sjálfbæra þróun og áhrifaþætti heilsu og vellíðanar sbr. [stóðuskýrslu fyrir Heimsmarkmiðin](#) [Opnast í nýjum glugga](#).

Á hverju byggir Heilsueflandi samfélag?

Hugmyndafræði og starf Heilsueflandi samfélags byggir m.a. á [Ottawa Charter for Health promotion](#) [Opnast í nýjum glugga](#), [Health in All Policies](#) [Opnast í nýjum glugga](#), [Healthy Cities](#) [Opnast í nýjum glugga](#) og [Health Promoting Schools](#) [Opnast í nýjum glugga](#) sem þróað er af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni o.fl. sem og fyrri reynslu af öðru, sambærilegu starfi héraðs og erlendis.

Í tengslum við þátttöku Embættis landlæknis í Evrópuverkefninu [JA CHRODIS+](#) [Opnast í nýjum glugga](#) hafa embættið og Janus heilsuefling gert með sér [samstarfssamning um frekari þróun og innleiðingu á Fjölbætt heilsurækt fyrir eldra fólk](#) [Opnast í nýjum glugga](#) á Íslandi auk þess að styðja við innleiðingu þess á Spáni og í Litháen. Frekari þróun Heilsueflandi samfélags með tilliti til þarfa eldra fólks er einnig liður í samstarfinu.